

Minnisblað v. stöðu mála varðandi skipulag og grjótfyllingu við Norðurbakka nóv 2020/lg

- Hafnarstjórn samþykkti þann 12. ágúst 2020 að láta bjóða út grjótvörn og endurbætur við Norðurbakka.
- Einnig samþykkt að láta vinnu kynningarefni um framkvæmdina og endurbyggingu Norðurgarðar og dreifa í öll hús við Norðurbakkann. Kynningarefni var dreift um miðjan september.
- Engar athugasemdir bárust frá íbúum.
- Sótt var um framkvæmdaleyfi vegna grjótvornar utaná Norðurbakka og grjótnáms og frágangs á Hamranesnámu þann 27. ágúst. Framkvæmdaleyfi samþykkt þann 9. september
- Útboð var auglýst í lok september - 2 tilboð bárust. Hagtak var lögstjóðandi. Skrifað undir verksamning 23. október.

Skipulagsfulltrúi fær þann 26. október send svör við fyrirspurnum íbúa til Skipulagsstofnunar þar sem m.a. kemur fram að fyrirhugaðrar framkvæmdir séu ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag Norðurbakka.

Eftir yfirferð skipulagsfulltrúa er það mat hans að afturkalla þurfi gildandi framkvæmdaleyfi og vinna nýtt deiliskipulag af Norðurbakkanum (viðlegukantinum) en í gildandi skipulag er gert ráð fyrir viðlegu minni skipa og báta allt að 300 brúttólestir að stærð. Þ.e. tengd afþreyingu, s..s hvalaskoðun og þess háttar. Ekki hafi borist tilkynning frá sveitarfélaginu v. fyrirhugaðra framkvæmda. (Mat skipulagsfulltrúa var að grjótfyllingin gæti rúmast innan gildandi deiliskipulags og á þeim forsendum gefið út framkvæmdaleyfi.)

Skipulagsfulltrúi telur tvær leiðir færar í málinu.

- a) Gera deiliskipulagsbreytingu á forsendum óverulegrar breytingar. Rökin m.a. þau að áfram verður tryggð viðlega, ekki við bakkann sjálfan, heldur við flotbryggjur út frá bakkannum. Framkvæmdin sé til tryggja öryggi og ganga varanlega frá svæðinu þar sem þilið er orðið gamalt og slitið. Ef Skipulagsstofnun samþykkir þá leið þá ferlið um 8 vikur, kynning, athugasemdir og afgreiðsla. Ef ekki samþykkt þá þarf að fara hefðbundan leið við deiliskiplagsbr. sem getur tekið um 12 vikur.
- b) Afturkalla þarf áður útgefið framkvæmdaleyfi. Hins vegar mun skipulagsfulltrúi gefa út nýtt sérstakt leyfi fyrir grjótnámi og frágangi í Hamranesnámu. Verktaki getur þá unnið þar samkvæmt óbreyttu verkplani í nóvember og fram í desember.
- c) Mögulega einnig hægt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir undirvinnu við Norðurbakka, þe. fyllingarefni sem verða flutt frá Óseyrabryggju með pramma og sökk við Norðurbakkann. Það er vinna sem var fyrirhuguð í árslok og janúar.
- d) Dráttur verður vegna frágang á grjótfyllingu. Verklok áttu að vera um 10. Mars 2021 en gætu dregist fram í apríl